



BLAKSAMBAND
ÍSLANDS

Stjórnarfundur 10 miðvikudaginn 5. desember 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson, Andri Hnikarr Jónsson og Svandís Þorsteinsdóttir í síma, „
Afboð og mættu ekki;, Árni Jón Eggertsson, Kristín Hálfðánardóttir,

Dagskrá

- Blakfólk ársins
- Úrskurður mótanefndar
- Lið fyrri hluta árs / bikardráttur í des
- Landsleikir í janúar
- Önnur mál

Fundargerð

Blakfólk ársins.

Kristján Valdimarsson og Thelma Grétarsdóttir voru valin blakfólk ársins 2018.

Kærumál UMFA

Úrskurður mótanefndar vegna þess að UMFA hafði notað ólöglegan leikmann í deildarkeppninni var til umræðu. Það kom í ljós að reglugerðin er ekki alveg skotheld svo að Sigurbirni og Hnikarri var falið að endurbæta hana.

Ákvörðun stjórnarinnar var að lækka sekt UMFA í kr. 50.000.

Úrvalslíð fyrri hluta Mizunodeildarinnar

Ákveðið var að kynna val á liði fyrri hluta Mizunodeildarinnar klukkan 12.15 fimmtudaginn 20. desember.

Landsliðsmál

Undirbúningur fyrir næstu landsleiki Evrópukeppninnar er í fullum gangi. Útileikir liðanna verða 5. og 6. janúar. Karlarnir leika við Slóvakíu og konurnar við Belgíu. Heimaleikirnir verða svo í Digranesi 9. janúar.

Þessir leikir verða stærstu heimaleikir landsliðanna hingað til.

U 16 ára liði kvenna tekur þátt í Evrópukeppni sem haldin verður í Færeyjum 3. – 7. janúar.

Vegna manneklu var hætt við að taka þátt í EM U 17 ára karla.

Undanfarin ár hafa A landsliðin tekið þátt í Novotel æfingamóti í Luxemborg. Mótið verður ekki haldið í ár sem er miður þar sem þetta er kjörið æfingamót. Þess í stað mun kvinnaliðið leika æfingaleiki í Belgíu fyrir næstu landsleiki.

Rætt var um hvað væri framundan í landsliðsmálum. Smáþjóðakeppnin er orðin ómarktæk þar sem CEV telur hana ekki með í styrkleikaröðun landsliða. NEVZA keppni er fyrir yngri landsliðin. Þátttaka í EM eykur sýnileika íþróttarinnar og er augljóslega mikilvæg í markaðssetningu hennar. Annar möguleiki er að hætta allri þátttöku nema í Smáþjóðaleikunum annað hvert ár.

Önnur mál

Rætt var um útsendingar frá leikjum Mizunodeildarinnar. Það strandar ennþá á fjármögnun.

Tilboð frá líkamsræktarstöðinni Spörtu handa landsliðsfólki var kynnt.

Nýtt merki sambandsins var kynnt. Það er lítillega breytt frá fyrra merki en rafræn notkun þess þykir meðfærilegri. Breytingin var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 17.54.

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson